



Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri
Árnes
801 Selfoss

Reykjavík, 15.11.2017
Tilvísun vor: 2013-586 / 08.01.05

Efni: Undirbúningur Hvammsvirkjunar – frestun á vinnu við deiliskipulag

Gert er ráð fyrir að Hvammsvirkjun verði næsta virkjunarframkvæmd Landsvirkjunar. Tímasetning framkvæmda hefur ekki verið ákveðin en margir þættir hafa áhrif á slíka ákvörðun. Þar sem endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum hefur verið tímafrekari en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir og hvorki álit Skipulagsstofnunar né úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála liggur fyrir hefur Landsvirkjun ákveðið að fresta vinnu við deiliskipulag vegna Hvammsvirkjunar.

Í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar í desember 2015 hefur á síðustu tveimur árum verið unnið að endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar á 1) landslag og ásýnd lands og 2) útivist og ferðaþjónustu. Endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum virkjunarinnar lýkur með álti Skipulagsstofnunar, en nú er ljóst að áltið mun ekki liggja fyrir á þessu ári.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að endurskoða þyrfti 2 af 12 þáttum vegna mats á umhverfisáhrifum var í janúar 2016 kærð til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Úrskurðarnefndin hefur ekki komist að niðurstöðu en ef niðurstaða hennar verður neikvæð fyrir Landsvirkjun á þann hátt að endurskoða þurfi fleiri þætti í mati á umhverfisáhrifum þá er ljóst að undirbúningi Hvammsvirkjunar muni seinka enn frekar.

Staðan í orkuframleiðslu Landsvirkjunar er hins vegar góð. Verið er að ljúka byggingu tveggja virkjana; 90 MW jarðvarmavirkjunar á Þeistareykjum og 100 MW vatnsaflsvirkjunar við Búrfell. Þær koma í rekstur á árinu 2018 og verður þá tímabundið umframorka í kerfi Landsvirkjunar. Vegna þessa verður ekki þörf á ákvörðunum um upphaf framkvæmda vegna Hvammsvirkjunar á árinu 2018.

Stefnt er að því að vinna við deiliskipulag Hvammsvirkjunar hefjist að nýju um mitt ár 2018 eða þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir og Úrskurðarnefndin hefur skilað úrskurði.

Virðingarfyllst

Ól. G. A. Sveinsson

Óli Grétar Blöndal Sveinsson
framkvæmdastjóri þróunarsviðs

Aðr Rós Káradóttir

Ólöf Rós Káradóttir
verkefnisstjóri

Einnig sent: Ágústi Sigurðssyni, sveitarstjóra Rangárþings ytra

Afrit sent: Pétri Inga Haraldssyni, skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Haraldi Birgi Haraldssyni, skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra